

Haraldur
Jónsson

20.10.2018–
27.01.2019

Róf Spectrum



Róf

Þessi yfirlitssýning á verkum Haraldrar Jónssonar (f.1961), *Róf*, dregur fram sérstöðu listamannsins í íslensku listalífi. Ferill hans er fjölbreyttur og miðlarnir ólíkir en rauði þráðurinn má segja að sé nokkurs konar tilraun til þess að eima tilveruna. Í þrjá áratugi hefur Haraldur notað listskópun til þess að skoða hvernig við skynjum og greinum umhverfi okkar, vinnum úr upplifun, tjáum okkur og eigum í samskiptum hvert við annað. Hver eru tengsl manns og rýmis, vitundar og umhverfis, líkama og hluta? Uppsetningu verka Haraldrar í salnum má lauslega skipta í fjögur mengi: Líkami, tilfinningar, skynjun og tungumál.

Í verkum Haraldrar sem fjalla með beinum og óbeinum hætti um líkamann kemur fram áhugi á mörkum hins innra og hins ytra - og leiðunum þar á milli. Strax í verki frá námsárnum listamannsins, *Mót* (1987), má sjá skúlptúr í stærðarhlutföllum mannlíkama. Verkið er samsett úr timbureiningum sem falla hvor að annarri og í sárinu á milli þeirra er rauður litur. Áratug síðar notaði Haraldur blóðsýni úr sjálfum sér í ljósmyndaverkið *37°C* (1998). Í verkinu *Blóðnám* (1998) gefst sýningar-gestum tækifæri til að láta sérfræðing draga úr sér blóð og fá það með sér til eignar í þar til gerðu hylki. Ýmis önnur verk draga fram hugleiðingar um líkama, líkamsop og skynfæri.

Tilfinningar eru til umfjöllunar í ótal verkum Haraldrar. Fyrst ber að nefna *Tilfinningaveggfóður* (2000) við inngang sýningarinnar þar sem lesa má ólíkar tilfinningar í stafrófsröð. Þá eru ótal teikningar og grafíkverk sem spanna yfir tuttugu ár af tilraunum Haraldrar til að draga fram kenndir og geðshræringar úr fylgsnum hugans og í einhvers konar tákni eða myndmál. Frekari tilraunir til að myndgera tilfinningar má sjá í verkum eins og *Svipir* (1999), myndbandsverki sem sýnir andlit listamannsins þar sem hann fer í gegnum ólík svipbrigði. Verkið *Tilfinningastigi* (2004) er einföld smíði tveggja furustöða sem tengjast með nokkrum þrepum úr svörtu, slöppu gúmmí – fyrirbærið myndi hrynjá undan hverjum þeim sem ætlaði sér upp tröppurnar.

Haraldur hefur ótæmandi áhuga á **skynjun** sem sjá má í flestum verkum. Hann vinnur með ýmsum hætti út frá reynslu okkar af veruleikanum. Þetta verður skýrt í verkum

sem takast á við upplifun af þögn og myrkri, samanber notkun listamannsins á hvers konar myrkvandi og hljóðeinangrandi efnum. *Krumpað myrkur* (2006) er einfalt en áleiðið verk úr krumpuðum krumpuðum, svörtum pappírsörkum. Einnig tekst hann á við lit og ljós, samanber ljósmyndaröðina *Stjörnuhverfi* (2002) þar sem hann beinir linsu myndavélarinnar inn um glugga lampaverslana. Hljóðinnsetningin *Myrkurlampi* (2008) blandar andstæðum myrkurs og litar saman með aðstoð tungumálsins. Gestir ganga í myrkvað rými þar sem heyra má upptalningu ólíkra lita og skynja þannig litina í hugskoti sínu milli augna og eyrna.

Tungumál verður annað og meira en samskiptaform í verkum Haraldrar. Einkum hefur hann áhuga á máltöku barna sem og því þegar fullorðnir tileinka sér nýtt tungumál. Á þessari vegferð inn í veröld tungumálsins sér Haraldur það sem skúlptúr eða rými. Hann tók til dæmis myndir af nemendum af erlendum uppruna að læra íslensku. Í verkinu *Íslenskt málver* (1996) situr fólk í skólafestu með heyrnartól á eyrum þar sem kennslan gengur út á að endurtaka þau orð sem lesin eru upp. Á gólfinu eru skúlptúrar úr tjörutexti, *Fontar* (1996), eftirmyndir hinna séríslensku bókstafa, Þ og Ð. Orðaleikur heitisins leynir sér ekki, verkin byggjast á stafagerð og minna um leið á brunna.

Þegar staldrað er við og horft um öxl yfir feril Haraldrar er ljóst að listamaðurinn hefur komið ótrúlega víða við. Hann hefur reynt ótal miðla og skapað fjölbreytt verk, prófað sig áfram, spunnitíð suma þræði í marglaga vef en látið annað kjurt ljuggja eftir fyrstu athugun. Hugmyndir, efniviður, viðfangsefni, aðferðir og útfærsla hafa þróast. Margt má í baksýnis-speglinum sjá sem rökrétta framvindu á meðan annað kemur í fyrstu spáskt fyrir sjónir. Eitt og annað hefur þó fylgt Haraldi allan ferilinn, bæði efni og aðferðir sem tengja saman hugmyndaheim hans. Líkami, tilfinningar, skynjun og tungumál eru viðfangsefni sem koma aftur og aftur fram í verkum Haraldrar. Þau blandast þar saman í misjöfnu hlutfalli og mynda hið eiginlega róf sem listamaðurinn vinnur á.

Sýningarstjóri: Markús Þór Andrésón

Spectrum

This mid-career retrospective of Haraldur Jónsson's (b.1961) work, *Spectrum*, reflects the artist's unique position on the local art scene. His career is versatile and the media different, however the theme is always some sort of a distillation of human existence. For three decades, he has examined how we sense our surroundings, process our experiences, express ourselves and communicate. What is the relation between man and space, consciousness and environment, the body and objects? The presentation of Jónsson's work in the gallery may be roughly divided into four domains: Body, emotions, perception and language.

In Jónsson's work which directly or indirectly deals with **the body**, we immediately see an interest in the line between the inside and the outside – and the pathways in between. Right from the start, in the oldest piece in this exhibition, *Pass* (1987), you'll see a sculpture on the same scale as a human body. The piece is created from two wooden units that are put together, with red dye in the slit between them. A decade later, Jónsson created artwork based on the idea of blood, for example using blood samples from himself in the photographic piece *37°C* (1998). In *Bloodmining* (1998), the viewers get an opportunity to have their blood drawn by an expert during advertised hours and take it home with them in a capsule. Many of his other pieces evoke thoughts on the body, body openings, and the senses.

Emotions are a very popular theme with Jónsson. His *Emotional Wallpaper* (2000), at the entrance to the exhibition, is based on feelings written in red, repeated over and over alphabetically. There are also numerous drawings and graphic work which span over twenty years of Jónsson's experiments with extracting feelings and emotions from the depths of the mind and creating a sort of symbol or imagery. He has also referenced feelings in a visual or symbolic manner in works like *Impressions* (1999), a video work showing the artist's face as he puts on different facial expressions. His piece *Emotional Ladder* (2004) is a simple construction of two pine posts, joined with a few black, slack rubber steps – it would collapse immediately if someone tried to ascend it.

Most of Haraldur Jónsson's work has its roots in his inexhaustible interest in **perception**. He tackles our experience of the reality in many different ways. This is very clear in work which deals with experiencing silence and darkness, as evident in his use of all kinds of obscuring and soundproofing materials. *Crumpled Darkness* (2006) is a simple, yet haunting, work which literally consists of crumpled up black sheets of paper. He also deals with colour and light, for example in *Galaxy* (2002) where he aims his camera into the windows of lamp shops. His audio installation *Dark Lamp* (2008) mixes the contrasts of darkness and colour with the aid of language. Visitors enter a darkened space where they hear a recitation of different colours which they can sense only in their minds.

Language becomes more than a means of communication in Jónsson's work. He is particularly interested in the language acquisition of children and when adults adopt a new language. On his excursion into the world of language, Jónsson visualises it as a sculpture, or space. For example, he took pictures of students of foreign origin studying Icelandic. In his work *Icelandic Language Laboratory* (1996), you can see people in a classroom with headphones on their heads, repeating the words they hear. On the floor stands an artwork made from fibreboard, *Fonts* (1996), a three dimensional look at the Icelandic letters Þ and Ð. The wordplay inherent in the title is obvious, the sculptures are based on letters and look like fountains.

When looking back on the career of Haraldur Jónsson in an extensive retrospective, it is clear that the artist has covered a lot of ground. He has utilised numerous media and created diverse art work, experimented, some threads have been spun further on and others abandoned after an initial attempt. Ideas, materials, topics, methods and processes have evolved. In the rear view mirror, some of it develops logically but other things look weird at first. Some things, however, have stayed with Jónsson through his entire career; materials and methods which connect his work. Body, emotions, perception and language are recurring subjects in his work. There they are combined in different proportions, creating the actual spectrum along which the artist works.

Curator: Markús Þór Andrússon

Laugardag, 20. október kl. 16.00

Opnun sýningar, gjörningurinn *Fiðrildi*

Saturday, 20 October at 16h00

Exhibition opening, performance *Butterfly*

Sunnudag, 21. október kl. 14.00

Leiðsögn listamanns, verkið *Litun* fullgert með þátttöku áhorfenda

Sunday 21 October at 14h00

Artist Talk, completion of the work *Hue* in collaboration with viewers

Sunnudaga, 21. október,

4. og 18. nóvember, 2. og 30. desember

og 13. og 27. janúar, kl. 14.00–16.00

Þátttaka í verkinu *Blóðnám*

Sundays, 21 October, 4 and 18 November,

2 and 30 December and 13

and 27 January, 14h00–16h00

Participation in the work *Bloodmining*

Laugardaga, 17. nóvember,

8. desember og 12. janúar kl. 17.00

***Afsteypur*, dagskrá nýrra og eldri gjörninga**

Saturdays 17 November,

8 December and 12 January at 17h00

Moulds, new and older performances

Nánari upplýsingar um leiðsagnir

og dagskrá á heimasíðu safnsins

Further information on guided tours

and programme on museum website

Viðburðir eru á íslensku nema

annað sé tekið fram

Programme events take place

in Icelandic unless otherwise noted

Fylgist með verkinu *Instagrams*

#haraldur8525

Follow the ongoing work *Instagrams*

#haraldur8525

Vegleg sýningarskrá, á íslensku

og ensku, fæst í safnverslun

A comprehensive catalogue in English

and Icelandic is available in the museum shop

**Sýningin teygir anga sína út fyrir sýningar-
salinn, út í forsal Kjarvalsstaða, á Flóka­
götu, Klamb­ratún og víðar. Hún er hluti af því mark-
miði Listasafns Reykjavíkur að rannsaka og
kynna feril mikilsverðra starfandi listamanna.**

The exhibition stretches out of the gallery and into the hallway of Kjarvalsstaðir, out to the neighbouring street Flóka­gata, the park Klamb­ratún and further on. This exhibition is a part of the museum's aim to research and present the works of significant local artists.

Þak­kir

Thanks

Ámundi Sigurðsson

Ásta Haraldsdóttir

Baldur Kristjánsson

BERG Contemporary

Friðrik Örn

Ingibjörg Jónsdóttir

Jónsi Stefánsson

Kórus

Kristín Ómarsdóttir

Margrét Áskelsdóttir

Margrét H Blöndal

Melkorka Ólafsdóttir

Merking ehf.

Myndhöggvarafélagið í Reykjavík

Nútíma gluggatjöld

Serge Comte

Sigurður Atli Sigurðsson

Sigurður Sverrir Stephensen

Steinunn Ólafsdóttir

Stephan Stephensen

Una Margrét Lyngdal

Unnar Örn J. Auðarson

Unndór Egill Jónsson

Valgeir Sigurðsson

**Listasafn Reykjavíkur þakkar þeim sem
lánuðu verk á sýninguna, íbúum við Flóka­
götu fyrir sitt framlag til verksins *Róf* og öðrum
þátttakendum í verkum Haraldrar**

The Reykjavík Art Museum thanks those who kindly lent works for the exhibition, the inhabitants of Flóka­gata for their part in the work *Spectrum* and others for their participation in Haraldrar's work